
Ár 2013, fimmtudaginn 11. apríl kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Elínborg Ólafsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Varaforseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi lagði forseti fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn sendir hamingjuóskir til stúlkanna í meistaraflokki Hamars sem í gær unnu sig upp í Úrvalsdeild. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að veita meistaraflokki kvenna 500.000,- sem vonandi kemur í góðar þarfir við undirbúning fyrir næsta keppnistímabil.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2012, fyrri umræða.

2. Fundagerðir.

2.1. Bæjarráðs frá 26. mars 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

2.1. Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun frá Óskalandi.

2.2. Starfsemi félagsmiðstöðvar - Minnisblað.

Bæjarráðs frá 4. apríl 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega:

2.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna opnunartíma sundlaugar.

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna ráðningar umhverfisfulltrúa.

3.2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna starfsloka skólastjóra.

2.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 2. apríl 2013.

Liðir afgreiddir sérstaklega.

1. Miðbærinn, reglur um yfirgefnar lóðir.

3. Varmahlíð 15, breytt notkun, heimagisting.

4. Laufskógar 23, breytt notkun, viðbyggingar.

5. Breiðamörk 1C, fjarskiptabúnaður.

6. Breiðamörk 24, utanhúsklæðning.
7. Borgarheiði 31, stækkun bílastæðis.
8. Álfahvammur, gróðurskáli.
- 2.3. Velferðarnefndar Árnespings frá 13. mars 2013.**
- 2.4. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 1. mars 2013.**
- 3. Bréf frá Elfu D. Þórðardóttur v/ aðalskipulagsbreytingu við Frost og Funi, frá 2. Apríl 2013**
- 4. Kjörskrá í Hveragerði vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013.**
- 5. Ráðning skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði.**
- 6. Fundagerðir til kynningar;**
 - 6.1. Bæjarstjórnar frá 14. mars 2013.

Hér var gengið til dagskrár

1. Ársreikningur fyrir árið 2012 fyrri umræða

Á fundinn mætti endurskoðandi bæjarins, Ólafur Gestsson sem kynnti ársreikninginn og lagði fram endurskoðunarbréf sitt.

Í máli hans kom fram að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um rúmar 11 mkr en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu að fjárhæð kr. 25,7 mkr. Heildartekjur A og B hluta eru 1.675 mkr og heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnsliða 1.391 mkr.

Rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs (A-hluta) er neikvæð um 14 mkr en áætlun gerði ráð fyrir tapi uppá 6 mkr. Skýrist þessi mismunur á niðurstöðu og áætlun að mestu með auknum fjármagnsgjöldum m.a. vegna afskrifta krafna hjá innheimtumanni ríkisjóðs og verðbótum á lífeyrissjóðsskuldbindingu.

Eigið fé samstæðu A og B hluta í árslok nam rúmum 815 mkr. skv. efnahagsreikningi.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nemur rúmlega 205 mkr eða 12,2 % af heildartekjum og handbært fé frá rekstri samstæðu er 204 mkr. Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum nam 376 mkr. Í árslok er hlutfall skulda af tekjum 143,5%.

Í máli endurskoðanda kom fram að bókhald væri vel og skipulega fært og að meðferð fjármuna og innheimta bæjargjalda sé í traustum og föstum skorðum.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

2. Fundagerðir;**2.1. Bæjarráðs frá 26. mars 2013.**

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Liður 2.1. Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun frá Óskalandi afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 2.2. Starfsemi félagsmiðstöðvar - Minnisblað afgreitt sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 4. apríl 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir.

Liður 2.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna opnunartíma sundlaugar afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 3.1 Minnisblað frá bæjarstjóra vegna ráðningar umhverfisfulltrúa afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 3.2 Minnisblað frá bæjarstjóra vegna starfsloka skólastjóra afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 2. apríl 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Róbert Hlöðversson, Ninna Sif Svavarsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Liður 1. Miðbærinn, reglur um yfirgefnar lóðir afgreiddur sérstaklega. Samþykkt að fela bæjarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa að semja drög að reglum er lagðar verði fyrir bæjarstjórn til samþykktar fyrir sumarfrí bæjarstjórnar.

Liður 3. Varmahlíð 15, breytt notkun, heimagisting afgreiddur sérstaklega. Samþykkt að málið fari í grenndarkynningu.

Liður 4. Laufskógar 23, breytt notkun viðbyggingar afgreiddur sérstaklega. Samþykkt að málið fari í grenndarkynningu.

Liður 5. Breiðamörk 1C, fjarskiptabúnaður afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 6. Breiðamörk 24, utanhússklæðning afgreiddur sérstaklega. Samþykkt með 5 atkvæðum meirihlutans. Fulltrúar minnihlutans sátu hjá.

Kl. 17:57 var gert fundarhlé.

Kl. 18:02 hélt fundur áfram.

Liður 7. Borgarheiði 31, stækkun bílastæðis afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.

Liður 8. Álfahvammur, gróðurskáli, afgreiddur sérstaklega. Samþykkt samhljóða.
Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.3. Velferðarnefndar Árneshings frá 13. mars 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.4. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 1. mars 2013.

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Bréf frá Elfu D. Þórðardóttir v/ aðalskipulagsbreytingar við Frost og Funa, frá 2. apríl 2013.

Lagt fram bréf frá Elfu D. Þórðardóttur þar sem hún óskar eftir breytingu á aðalskipulagi við lóðirnar Hverhamar og Hverahvamm.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarnefnd að endurskoða aðalskipulag með tilliti til óska bréfitara.

4. Kjörskrá í Hveragerði vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013.

Lögð fram kjörskrá í Hveragerði vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013. Alls eru 1799 á kjörskrá 929 karlar og 870 konur.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir,

Kl. 18:14 var gert fundarhlé.

Kl. 18:15 hélt fundur áfram.

Kjörskráin yfirfarin og samþykkt og bæjarstjóra falið að undirrita hana.

Jafnframt er bæjarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

5. Ráðning skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði.

Lögð fram greinargerð frá Capacent varðandi ráðningu skólastjóra við Grunnskólann í Hveragerði. Alls sóttu 18 aðilar um starfið.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlökkversson og Unnur Þormóðsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að ráða Fanneyju Ásgeirsdóttur sem skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði.

6. Fundagerðir til kynningar;

6.1. Bæjarstjórnar frá 14. mars 2013.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:42

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)